

SAMÞYKKT

um hesthús og önnur gripahús í skipulögðum búfjárhverfum í Fjarðabyggð.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um hesthús og hesthúsaþverfi og önnur gripahús þar sem haldin eru dýr í Fjarðabyggð sem eru á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis og sætir þeim takmörkunum sem getið er í samþykkt þessari.

2. gr.

Aðbúnaður og umhverfi.

Aðbúnaður hrossa og annarra gripa skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerða settra á grundvelli þeirra laga.

Umhverfi hesthúsa og annarra gripahúsa skal halda þrifalegu og skal frágangur lóðar vera snyrtilegur. Hestagerði skulu malarborin og gerði fyrir hesta og aðra gripi girt vönduðum girðingum. Í gerðum og á lóðum við hesthús og önnur gripahús er óheimilt að geyma tæki og lausamuni, svo sem númerlausa bíla og kerrur, báta, gáma, heyvinnslutæki, byggingarefní og annað því um líkt. Heybirgðir skal geyma í snyrtilegum og afgirtum stæðum samkvæmt deiliskipulagi. Bifreiðar, hestakerrur, dráttarvélar og tæki skal geyma á þar til ætluðum stæðum samkvæmt deiliskipulagi.

Eigendur hesthúsa og annarra gripahúsa bera ábyrgð á leigjendum sínum hvað varðar umgengni í húsum og á lóð.

3. gr.

Lausaganga.

Lausaganga hesta, hunda og annarra gripa er bönnuð á þeim svæðum sem samþykkt þessi gildir um. Að öðru leyti gildir búfjársamþykkt sveitarfélagsins.

4. gr.

Taðþrær og haughús.

Moð, hrossatað og annan húsdýraáburð skal geyma í lokaðri og vökvaheldri þró, gámi eða haughúsi. Í hesthúsum skal áætla 3 m³ rými fyrir tað frá hverjum hesti ef tæmt er einu sinni á ári en 1 m³ ef tæmt er þrisvar sinnum. Taðþrær og haughús skulu þannig gerð og um hirt að hvorki stafi af óþrif, mengun né slysahætta.

Eigendur hesthúsa og annarra gripahúsa skulu tæma taðþrær reglulega og áður en þær fyllast. Leitast skal við að nýta tað og húsdýraáburð til jarðræktar eða jarðgerðar, en að öðrum kosti flytja á þar til ætlaðan móttökustað sem hefur til þess tilskilin leyfi.

Farið skal að ákvæðum reglugerða um varnir gegn mengun vatns og um varnir gegn mengun grunnvatns.

5. gr.

Fráreñnsli.

Fráreñnsli frá salernum, vöskum og niðurföllum í hesthúsum og öðrum gripahúsum skal tengja fráveitukerfi eða leiða í rotþró með siturlögn. Leita skal samþykkis byggingarfulltrúa vegna staðsetningar á rotþrónum. Um frágang rotþróar og tæmingu fer samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrirmælum heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis sem og ákvæðum reglugerðar um fráveit og skólps.

6. gr.

Úrgangur.

Í hesthúsum og öðrum gripahúsum skal vera viðurkennt sorpílat og skulu húseigendur kosta uppsetningu þess og tæmingu. Óheimilt er að setja rúlluplast í sorpgáma fyrir almennt sorp heldur skal koma því til endurnýtingar. Spilliefnum (t.d. fúavarnarefní, málningu, skordýra- og meindýra-

Nr. 1310

8. desember 2020

eitri, útrunnum lyfjum og lyfjaleifum) skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

7. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar hefur heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis og sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Fjarðabyggðar.

8. gr.

Málsmeðferð.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt þessari samþykkt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

9. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis og samþykkt af sveitarstjórn Fjarðabyggðar, staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1988 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 848/2010 um hesthús og önnur gripahús í skipulögðum búfjárhverfum í Fjarðabyggð.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 8. desember 2020.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Agnar Bragi Bragason.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2020